

Páll V. Bjarnason  
Helga Maureen Gylfadóttir

# Húsakönnun

Vesturgata – Norðurstígur – Tryggvagata - Grófin

**Reykjavík 2001**

Skýrslur Árbæjarsafns 88

Unni a bei ni Borgarskipulags Reykjavíkur  
vegna deiliskipulagsvinnu.

Kort: Björn Ingi Edvardsson, Borgarskipulagi Reykjavíkur.

Árbæjarsafn

Reykjavík, 12. desember 2001

© Árbæjarsafn Páll V. Bjarnason arkitekt,  
deildarstjóri húsadeildar Árbæjarsafns og  
Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræingur.

Skýrslur Árbæjarsafns 88  
Öll réttindi áskilin.

## Formáli

Hér fer á eftir rannsókn á núverandi byggð á reit 1.132.1 í vesturbæ Reykjavíkur, sem afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni. Þessi húsakönnun er unnin að beiðni Borgarskipulags Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og verið flutt eða rifin. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á gildi byggðarinnar til varðveislu var stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/Hringbrautar) og riti Húsafriðunarnefndar ríkisins, Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannanna. Þar sem Húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknum heldur á fyrirbyggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, er nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun. Á þessum reit eru gerðar eftirfarandi breytingar á Húsverndarskrá Reykjavíkur. Gerð er leiðrétting á húsinu Tryggvagötu 10, sem verður í appelsínugulum flokki, enda byggt fyrir 1918 og einnig syðstu byggingunni á þeirri lóð, sem nú er í dökkgulum flokki en verður í ljósgráum lit þar sem hún er byggð árið 1962. Gerð er tillaga um að húsin Vesturgata nr. 16 og Grófin 1 verði í dökkgulum flokki sem hluti af götummynd Vesturgötu og Grófar. Þetta þýðir að breyta þarf skilgreiningu í Húsverndarskrá um þessa götummynd, þar sem tvö steinsteypt hús koma inn í götummyndina. Skilgreiningin gerir nú einungis ráð fyrir timburhúsum.

Allt svæðið nýtur verndar í ljósgulum flokki, þ.e. verndun byggðamynsturs. Að auki er nánast öll húsaröðin við Vesturgötu vernduð sem götummynd, þ.e. í dökkgulum flokki utan eins húss sem er húsið nr. 16. Eitt hús fellur undir rauðan flokk, þ.e. um friðun húsa. Það er Gröndalshús að Vesturgötu 16 b. Fjögur hús falla síðan undir flokk húsa sem byggð eru fyrir 1918 (appelsínugulur flokkur), samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun um allar breytingar á núverandi ástandi. Taka ber fram að þó að þau tilheyri ekki neinum skilgreindum verndunarflokki er ekki sjálfgefið að hús í appelsínugulum flokki hafi ekki varðveislugildi og megi því skilyrðislaust missa sín.

20. desember 2001,  
Páll V. Bjarnason arkitekt,  
deildarstjóri húsadeildar Árbæjarsafns.

# Saga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireit 1.132.1 í Reykjavík.

## Staðsetning

Reiturinn afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni. Vestari hluti þessa reits tilheyrði áður Hlíðarhúsalandi en heimildir segja af byggð í landi Hlíðarhúsa frá því um 1500. Norðan til var áður fjaran og sum húsanna standa á uppfyllingu. Á sumum lóðanna stóðu hús áður, en á þessu svæði var einnig byggð torfbæja.

## Húsagerð og aldur

Húsagerðin er blönduð, þó timburhús séu fleiri. Þau eru átta, steinsteypthús eru fjögur og hlaðin steinhús tvö. Álitamál er þó hvað beri að telja sérstök hús og hvað viðbyggingar í sumum tilfellum.

Elstu húsin eru Vesturgata 10 sem reist var árið 1879 og Vesturgata 14, Félagsbakariíð, sem var reist árið 1881. Bæði eru þau einlyft, með risi og kjallara og lítið breytt. Einu ári síðar eða 1882 voru byggð þrjú timburhús. Þau eru hús Björns Kristjánssonar að Vesturgötu nr. 4, verslunarhús Geirs Zoëga að Vesturgötu 6 og Vesturgata 16b, Gröndalshús, en það er að mestu í sinni upprunalegu mynd. Á árunum 1899 - 1904 voru síðan byggð hin þrjú timburhús: Vesturgata 10a, Tryggvagata 12 (Exeter) og Tryggvagata 14 (Schauhús). Tvö hin síðarnefndu töldust áður til Vesturgötu.

Hlöðnu steinhúsín eru byggð á fyrstu árum 20. aldar. Sláturhúsið að Tryggvagötu 10 er byggt úr grásteini og „Steinars“-steini. Tryggvagata 18 er einnig úr grásteini og var byggt árið 1919. Elsta steinsteypthúsið er byggt árið 1916 og hin þrjú á árunum 1927 - 1940. Aðeins eitt steinsteypuhúsanna er reist á grunni eldra húss á lóðinni en það er Vesturgata 12. Steinhúsín eru frekar merki um þéttingu byggðar á reitnum og eru hluti af nýja hafnarsvæðinu eftir að uppfylling hófst við ströndina.

Ef myndir af strandlengjunni frá því um og eftir 1900 eru skoðaðar sést að húsin sem stóðu við strandlengjuna þá, standa að miklu leyti ennþá. Þar má sjá Vesturgötu 4, Verslun Björns Kristjánssonar, hús Geirs Zoëga að Vesturgötu 6 og 8, Gröndalshúsið að Vesturgötu 16 b, Tryggvagötu 10, Exeter að Tryggvagötu 12 og Schauhús að Tryggvagötu 14. Þessi heildarmynd hefur þó riðlast með uppfyllingunni og nýjum húsum á svæðinu.

## Breytingar

Timburhúsabyggðin við Vesturgötu er enn mjög heilleg. Húsin sem við hana standa hafa ekki verið hækkuð og flest húsin halda sínum upprunalega stíl ef frá eru taldar breytingar á Vesturgötu 6 og 8. Gröndalshúsið, Vesturgata 16b, er mjög sérstakt að byggingarlagi og er óbreytt að kalla. Þegar Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson gerðu úttekt á varðveislu gamla borgarhlutans á árunum 1967-70 var þetta eitt af húsunum sem þeir töldu að ætti að varðveita á safni. Júlíana Gottskálksdóttir fjallar einnig um þetta hús í riti sínu *Reykjavíks Köbstadbebyggelse* og leggur til að það verði látið standa á sínum upprunalega stað. Í þessari húsakönnun er farið fram á að húsið verði flutt í Árbæjarsafn ef það þarf að víkja af lóðinni.

Misjafnt er hve miklu hefur verið breytt í húsunum frá byggingu þeirra. Á sumum hafa verið gerðar smávægilegar breytingar á meðan önnur eru nær óþekkjanleg frá sinni fyrstu gerð.

Ekki er mikið af skúrum á reitnum, en þeir eru þó til á baklóðum og sem viðbyggingar, aðallega vestanmegin á reitnum og er nokkuð þröngt byggt þar. Eflaust yrði hægara um vik að komast um á þessum slóðum, ef stígurinn milli Vesturgötu og Tryggvagötu væri opnaður á ný.

### **Höfundar**

Ekki er vitað hver teiknaði neitt af timburhúsunum upphaflega. Nokkrar teikningar af breytingum eru þó til, og á fyrri hluta aldarinnar ber þar hæst Einar Erlendsson og Guðmund H. Þorláksson. Guðmundur Eiríksson tengdist líka breytingum á húsum Geirs Zoëga. Steinsteypu bygginguna í Grófinni 1 teiknaði Einar Erlendsson og Guðmundur H. Þorláksson teiknaði Vesturgötu 16. Hafliði Jóhannsson teiknaði steinsteypa húsið að Vesturgötu 12 og Valgeir Björnsson Tryggvagötu 16.

### **Saga reitsins**

Á þessum reit höfðu allar helstu atvinnugreinarnar fulltrúa sína, verslun, þjónusta, handiðnaður, útgerð og slátrun. Einnig var búið í nær öllum húsunum, aðallega á efri hæðunum. Örfá hús voru eingöngu notuð til íbúðar.

Þetta svæði ber þessi merki hvar það er staðsett í bænum. Þarna er athafnastarfsemi sem tengist miðbænum og sjónum. Hús Geirs Zoëga halda enn uppi merki þeirrar miklu útgerðar sem þarna var rekin í lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. Geir Zoëga var einn af frumkvöðlum í þilskipaútgerð í Reykjavík. Hann rak einnig verslun og átti líka bryggju neðan við hús sín. Hús Geirs eru ekki aðeins til minnis um hans þátt í bæjarlífinu, heldur og um skútuútgerðina sem slíka og Grófina sem mikilvægt athafnasvæði um síðustu aldamót.

Það hús sem er næst miðbænum er Verslun Björns Kristjánssonar, stofnsett 1888. Um 1870 voru flestar verslanir bæjarins við Hafnarstræti og engin verslun vestar en Glasgow, sem stóð aftan við Vesturgötu 5. Verslun Björns, VBK, var sérverslun með leður í byrjun en fór seinna að versla með vefnaðarvörur. VBK var lengi eina sérverslunin með ritföng og varð einna þekktust fyrir það. Sérverslanir urður ekki ráðandi verslunarform fyrr en um og eftir aldamótin 1900.

Að Vesturgötu 14 var lengst af rekið bakarí og í viðbyggingu við það hús var seld mjólk. Einnig var mjólkurbúð í Merkisteini, steinhlöðnu húsi sem nú hefur verið byggt við og ofan á. Beint niður undan Merkisteini og bakaríinu bjó svo steinsmiðurinn Júlíus Schau. Hann lét talsvert að sér kveða í þeirri iðngrein og kenndi mörgum Íslendingum iðnina. Svo var það járnsmiður sem byggði Vesturgötu 16b og rak þar smiðju í nokkur ár.

Tryggvagata 10 tengist bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum. Húsið var reist sem slátruhús árið 1906. Það varð seinna frægt fyrir að hýsa Fiskhöllina, og algengara að fólk þekki húsið vegna hennar en slátruhússins sem þar var fyrst.

### **Nafngiftir gatnanna**

Nafngiftir gatnanna sem hér um ræðir eiga rætur sína að rekja víða.

### **Vesturgata**

Gata sem lá frá Reykjavík vestur að Hlíðarhúsabæjunum fékk fljótlega nafngiftina Hlíðarhúsastígur og lá á svipuðum slóðum og Vesturgata gerir nú. Brekkan neðst á Vesturgötu, við hús Geirs Zoëga var kölluð Geirsbrekka. Þó að Vesturgötu hafi formlega verið gefið nafnið Læknisgata árið 1848 náði það nafn ekki teljandi fótfestu og Vesturgötunafnið varð ofan á. Hún er fyrst nefnd í manntali árið 1888.

### **Tryggvagata**

Tryggvagata er nefnd eftir Tryggva Gunnarssyni bankastjóra og alþingismanni sem var atkvæðamikill í Reykjavík um aldamótin 1900. Gatan varð til á uppfyllingunni sem gerð var við hafnargerðina 1913-1917. Nafnið var samþykkt í bæjarstjórn árið 1923.

### **Grófin**

Nafnið Grófin á sér langa sögu. Frá Vesturgötu 4 og austan við það hús var fram á þessa öld bátavör eða fjara en beggja vegna tóku við klappir og urð. Grófin var nefndur vestasti krikinn sem gekk inn í þessa fjöru og náði upp undir Vesturgötu. Hún var nokkurn veginn á svæðinu á milli Vesturgötu 2 og 4. Talið er að allt frá upphafi byggðar í Reykjavík hafi verið þarna uppsátur fyrir báta Víkurmanna, Hlíðarhúsamanna og Grjótamanna. Grófin var sá útróðrarstaður sem mest var notaður í Reykjavík.

### **Norðurstígur**

Norðurstígur liggur frá Vesturgötu og niður að Tryggvagötu þar sem fjaran var áður. Götunnar er fyrst getið í manntali árið 1898 og dregur nafnið af stefnu hennar í átt að sjónum.

## Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er stuðst við tillögur Húsverndarnefndar Reykjavíkur um verndun byggðar innan Snorrabrautar/Hringbrautar, (Húsverndarskrá Reykjavíkur) sem gefnar voru út í þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 og ritinu Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannanna.

Til umfjöllunar er reitur í vesturbæ, st. gr. 1.132.1, sem afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófinni. Við Vesturgötu, einkum neðanverða standa hús frá seinni hluta 19. aldar sem ber að varðveita, bæði vegna heillegar götummyndar og vegna sögulegra tengsla við atvinnustarfsemi í Reykjavík.

Á baklóð Vesturgötu 4 er að finna hlaðna stétt, sem líklega er hluti af bólverki eða hlöðnum kanti sem þar var í öndverðu. Þessa stétt ber að vernda og rannsaka nánar. Einnig ber að hafa í huga að rannsaka fleiri baklóðir Vesturgötu, t.d. neðan við nr. 6 – 8 með tilliti til fornminja.

Ekki er lögð til sérstök verndun á hús í appelsínugulum flokki, en þau njóta verndar samkvæmt lögum um húsafriðun 104/2001. Tilveruréttur þeirra er ótvíræður og skoða þarf vandlega hvað koma á í stað þeirra komi til þess að þau þurfi að víkja.

## HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa í staðgreinireit 1.132.1

### RAUÐUR FLOKKUR: Hús sem huga ber að friðun á.

#### **Vesturgata 16b, Gröndalshús.**

Sérstakt, vel varðveitt timburhús með sérstöku byggingarlagi. Húsið hefur sögulegt gildi þar sem Benedikt Gröndal skáld bjó þar um tíma. Óskað hefur verið eftir því að fá húsið í Árbæjarsafn ef það þarf að víkja af lóðinni.

#### **Hlíðarhús b.**

Eini steinbærinn sem eftir á svæðinu og er byggður upp úr eldri bæ, sem var hluti af Hlíðarhúsabæjunum.

### LJÓSGULUR FLOKKUR: Verndun byggðamynsturs.

#### **Vesturgata, Norðurstígur, Tryggvagata og Grófin.**

Allur reiturinn er þannig merktur og er þarna um að ræða byggð með margbreytilegum húsagerðum þar sem litlar grunneiningar eru ráðandi. Þetta er nokkuð vel varðveitt byggð timburhúsa með mikið gildi til varðveislu. Mikilvægt er að allar breytingar á núverandi ástandi taki mið af stærðarhlutföllum húsa og falli vel inn í byggðamynstrið.

**DÖKKGULUR FLOKKUR:** Verndun götummynda, húsaraða og húsa með umhverfislegt gildi.

|                             |                                                               |
|-----------------------------|---------------------------------------------------------------|
| <b>Vesturgata 4</b>         | Timburhús með mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi. |
| <b>Vesturgata 6 &amp; 8</b> | Timburhús með mikið menningarsögulegt og umhverfislegt gildi. |
| <b>Vesturgata 10</b>        | Timburhús með umhverfislegt gildi.                            |
| <b>Vesturgata 10a</b>       | Timburhús með umhverfislegt gildi.                            |
| <b>Vesturgata 14</b>        | Timburhús með umhverfislegt gildi.                            |
| <b>Vesturgata 16</b>        | Steinsteypt hús með umhverfislegt gildi.                      |
| <b>Grófin 1</b>             | Steinsteypt hús með umhverfislegt gildi.                      |


Á þessum hluta Vesturgötu eru hús frá elstu tíð götunnar og hafa því mikið umhverfislegt gildi til varðveislu, vegna stöðu þeirra í þróun byggðarinnar í Reykjavík. Einnig eru þar steinsteypt hús sem eru góðir fulltrúar frá fyrsta skeiði steinsteyptualdar.

**APPELSÍNUGULUR FLOKKUR:** Hús byggð fyrir 1918 og eru því allar breytingar á þeim háðar lögum um húsafriðun 104/2001.

**Tryggvagata 10**  
**Tryggvagata 12**  
**Tryggvagata 14**

Um hús í appelsínugulum flokki gildir að þau eru háð lögum um húsafriðun nr. 104/2001, 6. grein um allar breytingar á núverandi ástandi. Taka ber fram að þó að þau tilheyri ekki neinum skilgreindum verndunarflokki er ekki sjálfgefið að hús í appelsínugulum flokki hafi ekki varðveislugildi og megi því skilyrðislaust missa sín.

# HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR



# Húsaskrá Reykjavíkur

Vesturgata – Norðurstígur – Tryggvagata - Grófin

Stgr.1.132.1

|                |                  |        |                                  |                  |                          |
|----------------|------------------|--------|----------------------------------|------------------|--------------------------|
| Fyrsti eigandi | Verslunin "Björn | Hönnun | Einar Erlendsson<br>húsameistari | Upphafleg notkun | Íbúðar- og skrifstofuhús |
|----------------|------------------|--------|----------------------------------|------------------|--------------------------|

| Upphafleg gerð | Útlit      | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga             |
|----------------|------------|-------------------|--------------------------------|
| Tegund         | Steinsteyp | 1922 Kvistur      | Einar Erlendsson, húsameistari |
| Klæðning       | Múrsléttað | Kvistir           |                                |
| Þakgerð        |            | Tvílyft           |                                |
| Þakklæðning    | Bárujárn   | Ris               |                                |
| Undirstöður    |            | Kjallari          |                                |
|                |            | Inng.skúr         |                                |

Saga

Húsið var byggt á fyrsta skeiði steinsteypubygginga árið 1916 af Jóni, syni Björns Kristjánssonar. Árið 1922 var settur á það kvistur, sem teiknaður var af höfundi hússins Einari Erlendssyni húsameistara. Húsið er nánast óbreytt síðan þá. Tveir steinsteypfir skúrar voru byggðir á baklóðinni, annar árið 1934 og hinn 1942. Þeir voru báðir rifnir síðar. Í kjallara hússins, meðfram suðurvegg þess, eru sýnilegar leifar af bólverki og sem einnig var sökkull viðbyggingarinnar að Vesturgötu 4, sem byggt var árið 1897. Húsið hefur lengst af gegnt upprunalegu hlutverki sínu, sem íbúðar- og skrifstofuhús.

Varðveislumat:

|                          |                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|--------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Litrænt gildi:           | Nýklassískur stíll með jugend áhrifum.                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Menningarsögulegt gildi: | Gott dæmi um byggingarlist Einars Erlendssonar, frá fyrsta skeiði steinsteypuhúsa.                                                                                                                                                                                                                     |
| Umhverfisgildi:          | Eina húsið í þessum stíl á reitnum.                                                                                                                                                                                                                                                                    |
| Upprunaleg gerð:         | Húsið er lítið breytt frá upphafi. Kvistur hannaður af höfundi fellur vel að gerð hússins.                                                                                                                                                                                                             |
| Varðveislugildi:         | Húsið hefur mikið gildi vegna menningarsögu, byggingarstíls og að það er lítið breyt frá upphaflegri gerð. Lagt er til að húsið verði sett í dökkgulan flokk í Húsverndarskrá Reykjavíkur, verndun götummyndar Vesturgötu. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun 104/2001. |

Fyrsti eigandiJón Steffensen  
verslunarfulltrúi

HönnunÓkunnur

Upphafleg notkunÍbúðarhús



| Upphafleg gerð |                   | Útlit     | Helstu breytingar |                | Hönnuðir breytinga      |
|----------------|-------------------|-----------|-------------------|----------------|-------------------------|
| Tegund         | Timbur, bindingur | Tvílyft   | 1897              | Viðbygging     | Einar Erlendsson        |
| Klæðning       | timbur á 3 v.;    | Inng.skúr | 1905              | Ný klæðning    |                         |
| Þakgerð        |                   | Kjallari  | 1905              | Inngönguskúr   |                         |
| Þakklæðning    | Bárujárn          |           | 1955              | Útlitsbreyting |                         |
| Undirstöður    |                   |           | 1957              | Gluggabreyting | Björgvin R. Hjálmarsson |
|                |                   |           | 1957              | Útlitsbreyting |                         |
|                |                   |           | 1963              | Útlitsbreyting |                         |

Saga

Jón Steffensen verslunarstjóri og bæjarfulltrúi byggði vestara húsið árið 1882. Björn Kristjánsson verslunarmaður, bankastjóri og alþingismaður eignaðist húsið stuttu síðar og byggði viðbyggingu austan við það árið 1897. Húsin er úr bindingi. Húsið norðan við hornhúsið, Grófin 1, var byggð af syni Björns og saman mynduðu þessi hús ramma um Verslun Björns Kristjánssonar, VBK, eina elstu verslun í Reykjavík sem var starfrækt fram á síðustu ár. Af myndum má sjá nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þaki viðbyggingarinnar frá 1897. Þar var sett upp skrautlegt handrið, sem var ekki upphaflegt, og var síðar fjarlægt. Það setti mikinn svip á húsið. Árin 1955, 1957 og 1963 voru leyfðar útlitsbreytingar á neðstu hæð timburhússins sem snýr að Vesturgötu. Gluggum og hurðum var mikið breytt. Húsið stóð áður við sjávarkambinn. Þarna var mikið bólverk norðan við húsin, enda mikið athafna- og hafnarsvæði. Enn má sjá gamla grjóthlaðna stétt norðan við húsið og er hún að öllum líkindum leifar af fyrrnefndu bólverki.

Varðveislumat:

|                          |                                                                                                                                                     |
|--------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Listrænt gildi:          | Einfalt bárujárnshús.                                                                                                                               |
| Menningarsögulegt gildi: | Tengist verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur.                                                                                                      |
| Umhverfisgildi:          | Húsið hefur mikið gildi í götumyndinni.                                                                                                             |
| Upprunaleg gerð:         | Eldri hluti lítið breyttur, gluggar breyttir, handrið á þaki viðbyggingar farið.                                                                    |
| Varðveislugildi:         | Varðveislugildi hússins er mikið, vegna götumyndar og menningarsögu. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun 104/2001. |

Fyrsti eigandi Geir Zoega

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Atvinnuhúsnæði



| Upphafleg gerð | Útlit             | Helstu breytingar    | Hönnuðir breytinga            |
|----------------|-------------------|----------------------|-------------------------------|
| Tegund         | Timbur, bindingur | 1883 Viðbygging      |                               |
| Klæðning       | Ris               | 1889 Viðbygging      |                               |
| Þakgerð        |                   | 1897 Viðbygging      |                               |
| Þakklæðning    |                   | 1902 Viðbygging      |                               |
| Undirstöður    |                   | 1915 Kvistur         | G. Eiríksson                  |
|                |                   | 1917 Gluggabreyting  | Guðmundur H. Þorláksson       |
|                |                   | 1954 Atv.húsn. innr. | Sveinn Kjarval, innanh.arkit. |
|                |                   | 1954 Útlitsbreyting  | Sveinn Kjarval, innanh.arkit. |

## Saga

Geir Zoega var umsvifamikill athafnamaður í Reykjavík, fékkst m.a. við útgerð, verslun og búskap. Einnig var hann fyrstur manni til að gera móttöku ferðamanna að atvinnu. Hann byggði verslunarhús við norðanverða Vesturgötu árið 1882 andspænis íbúðarhúsi sínu, Sjóbúð, að Vesturgötu 7. Hann byggði við báða gafla hússins árið 1883. Árið 1889 lengdi hann húsið til vesturs og byggði síðan fiskgeymsluhús við vesturgaflið árið 1897. Fiskgeymsluhúsið var stækkað um til vesturs árið 1902 og voru þá húsin komin í núverandi stærð. Árið 1915 var settur kvistur á verslunarhúsið, og gluggar stækkaðir árið 1917. Var þar síðan rekin verslun í hans nafni allt til 1982. Árið 1954 var innréttaður veitingastaðurinn Naust í verslunar- og fiskgeymsluhúsunum. Hönnuður innréttinga og útlitsbreytinga var Sveinn Kjarval innanhússarkitekt. Húsunum var breytt að utan, efsti hlutinn klæddur með kopar og þar settir marglitir gluggar. Vöruheymsluhúsið var þá klætt með láréttri timburklæðningu.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Dönsk-íslensk gerð.

**Menningarsögulegt gildi:** Mikið gildi fyrir verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur.

**Umhverfisgildi:** Mikið gildi fyrir götmyndina.

**Upprunaleg gerð:** Húsið nr. 6 hefur verið fært í upprunalegan stíl en húsið nr. 8 er óbreytt frá 1954.

**Varðveislugildi:** Húsið er mikilvægur hluti elstu götmyndar Vesturgötu og tengist náið verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur, einkum með verslunarrekstri og útgerð Geirs Zoega. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsunum háðar lögum um húsafriðun 104/2001. Innréttingarnar frá 1954 hafa öðlast gildi til varðveislu sem elstu veitingahúsa- innréttingar í Reykjavík. Að auki eru þær hannaðar í anda fyrri notkunar húsanna.

Fyrsti eigandi Þórður Guðmundsson  
verslunarmaður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun  
Íbúðarhús



#### Upphafleg gerð

|             |                   |
|-------------|-------------------|
| Tegund      | Timbur, bindingur |
| Klæðning    | Timbur            |
| Þakgerð     | Mænisþak          |
| Þakklæðning | Bárujárn          |
| Undirstöður | Hlaðið            |

#### Útlit

Einlyft  
Ris  
Kvistir

#### Helstu breytingar

1918 Inngönguskúr

#### Hönnuðir breytinga

Ókunnur

## Saga

Húsið var byggt árið 1879 af Þórði Guðmundssyni verslunarmanni og er einlyft timburhús með kvisti á steinhlöðnum kjallara. Árið 1901 eignaðist Geir Zöega húsið og byggði árið 1903 Vesturgötu 10a áfast við það. Árið 1918 var byggður inngönguskúr aftan við húsið. Fjöskylda Geirs átti síðan húsið allt til 1986. Það var lengi notað til íbúðar og voru í því tvær íbúðir. Á síðari árum hefur þar verið ýmis konar atvinnustarfsemi. Um skeið hafði Happraætti Háskóla Íslands þar umboðsskrifstofu.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi: Timburhús dönsk-íslensk gerð.

Menningarsögulegt gildi: Góður fulltrúi fyrir húsagerð frá seinni hluta 19. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina.

Upprunaleg gerð: Endurgert í upprunalegum stíl.

Varðveislugildi: Húsið hefur mikið gildi fyrir götumynd og húsagerð. Það er í dökkgulum flokki í Húsverndarskrá Reykjavíkur, verndun götumynda. Vegna aldurs eru allar breytingar á húsinu háðar lögum um húsafriðun 104/2001.

Fyrsti eigandiGeir Zöega kaupmaður

HönnunÓkunnur

Upphafleg notkunÍbúðarhús



| Upphafleg gerð |                   | Útlit    | Helstu breytingar |                       | Hönnuðir breytinga    |
|----------------|-------------------|----------|-------------------|-----------------------|-----------------------|
| Tegund         | Timbur, bindingur | Einlyft  | 1912              | Hækkun                |                       |
| Klæðning       | Bárujárn          | Ris      |                   | Kennslust. á neðri    |                       |
| Þakgerð        | Mænisþak          | Kjallari | 1932              | Þvottahús í kjallara/ |                       |
| Þakklæðning    | Bárujárn          |          | 1941              | Gluggabreyting        | Guðmundur Eiríksson   |
| Undirstöður    |                   |          | 1943              | Gluggabreyting        | Sigmundur Halldórsson |

## Saga

Geir Zoega byggði húsið árið 1903 og var það einlyft með steinhlöðnum kjallara og risi. Húsið var hækkað 1912. Sama ár voru kennslustofur gerðar á neðri hæð þess og var Verslunarskólinn þar til húsa amk. til 1918. Árið 1932 var þvottahús sett í kjallara og vatnssalerni. Húsið hefur tekið útlitsbreytingum síðan, glugga breytt í dyr á suðurgafli árið 1941 og árið 1943 voru gluggar stækkaðir á neðri hæð. Náttúrugripasafnið var í húsinu frá 1903-1908, og hafði þar til umráða tvö herbergi. Í mars 1996 voru járngluggar, sem höfðu verið í húsinu frá upphafi, fjarlægðir án vitundar bygginganefndar Rvík. Um aldamótin komst í tísku að nota járnglugga í stað þess að glerja timburfög. Við það stækkaði ljósop glugga. Var Vesturgata 10a eina húsið sem eftir var með slíka glugga. Varðveislugildi þeirra var því sérstaklega mikið.

|                          |                                                                                                                                       |
|--------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Varðveislumat:</b>    |                                                                                                                                       |
| Listrænt gildi:          | Bárujárnssveitser.                                                                                                                    |
| Menningarsögulegt gildi: | Gildi vegna byggingarstí ls. Tengist verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur0.                                                          |
| Umhverfisgildi:          | Húsið hefur mikið gildi fyrir götumyndina.                                                                                            |
| Upprunaleg gerð:         | Gluggum jarðhæðar hefur verið breytt og járngluggar teknir.                                                                           |
| Varðveislugildi:         | Húsið hefur menningarsögulegt gildi og fyrir götumyndina. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun 104/2001. |

|                       |                             |               |         |                         |           |
|-----------------------|-----------------------------|---------------|---------|-------------------------|-----------|
| <b>Fyrsti eigandi</b> | Júlíus Schau<br>steinsmiður | <b>Hönnun</b> | ókunnur | <b>Upphafleg notkun</b> | Íbúðarhús |
|-----------------------|-----------------------------|---------------|---------|-------------------------|-----------|



| Upphafleg gerð     | Útlit            | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|--------------------|------------------|-------------------|--------------------|
| <b>Tegund</b>      | Hlaðið úr steini | Þrílyft           |                    |
| <b>Klæðning</b>    | Ómúrað           | Ris               |                    |
| <b>Þakgerð</b>     | Mænisþak         | Kjallari          |                    |
| <b>Þakklæðning</b> | Eternitplötur    |                   |                    |
| <b>Undirstöður</b> | steinsteyptar    |                   |                    |

Saga

Húsið var upphaflega steinhlaðið hús, hæð og ris, Merkisteinn, byggt árið 1883 af Júlíusi Schau steinsmið. Það var hækkað árið 1925 úr steinsteypu. Húsið brann árið 1938 og árið 1939 var samþykkt enn meiri stækkun hússins en árið 1940 komst það í núverandi stærð. Í Merkisteini var m.a. mjólkurbúð á þriðja áratugnum. Síðar var í húsinu drengjafataverslunin Nonni.

Varðveislumat:

|                                 |                                                                              |
|---------------------------------|------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Listrænt gildi:</b>          | Fúnkísstíll.                                                                 |
| <b>Menningarsögulegt gildi:</b> | Sérstök byggingarsaga, steinhlaðið hús, stækkað í áföngum í núverandi stærð. |
| <b>Umhverfisgildi:</b>          | Húsið stingur í stúf varðandi hæð, stíl og efnisáferð.                       |
| <b>Upprunaleg gerð:</b>         | Húsið er í upprunalegu ástandi.                                              |
| <b>Varðveislugildi:</b>         | Ekki er lögð sérstök áhersla á verndun þessa húss.                           |

**Fyrsti eigandi** O.S. Endressen  
bakari / kaupmaður

**Hönnun** Ókunnur

**Upphafleg notkun**  
Íbúðarhús



| Upphafleg gerð     |                   | Útlit    | Helstu breytingar |                | Hönnuðir breytinga   |
|--------------------|-------------------|----------|-------------------|----------------|----------------------|
| <b>Tegund</b>      | Timbur, bindingur | Einlyft  | 1896              | Ný klæðning    | Þorleifur Eyjólfsson |
| <b>Klæðning</b>    | Timbur            | Ris      | 1935              | Gluggabreyting |                      |
| <b>Þakgerð</b>     | Mænisþak          | Kjallari |                   |                |                      |
| <b>Þakklæðning</b> | Bárujárn          |          |                   |                |                      |
| <b>Undirstöður</b> | Hlaðnar úr grjóti |          |                   |                |                      |

## Saga

O.S. Endressen hóf byggingu hússins árið 1885. Árið 1888 var húsið fullgert og var þá brauðgerðarofn í kjallaranum. Í húsinu var síðan rekið bakarí í rúma hálfa öld, þar af Félagsbakaríið frá 1896 til 1906. Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu. Árið 1896 var austurgافل og suðurhlið hússins klædd járn og kjallarin innréttaður. Árið 1935 voru gluggar á framhlið stækkaðir og bætt við öðrum útidrymum. Endressen byggði geymslu á lóðinni árið 1883. Stærðir hennar eru þær sömu og fremri hluti núverandi geymslu. Árið 1896 er þessi geymsla endurbyggð í sömu stærðum. Árið 1907 eru gerðar endurbætur á geymslunni auk þess sem byggt er við hana til norðurs skv. teikn. Einars Erlendssonar arkitekts. Geymslan var þá komin í núverandi stærð.

## Varðveislumat:

**Listrænt gildi:** Einfalt bárujárnshús.

**Menningarsögulegt gildi:** Bakarí í hálfa öld. Tengsl við verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur.

**Umhverfisgildi:** Mikið gildi fyrir götumyndina.

**Upprunaleg gerð:** Upprunalegt byggingarlag en gluggum og klæðningu breytt.

**Varðveislugildi:** Húsið hefur menningarsögulegt gildi og fyrir götumyndina. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun 104/2001.

**Fyrsti eigandi** Ólafur R. Ólafs  
Ásgeir Guðmundsson

**Hönnun** Guðmundur H. Þorláksson  
byggingarmeistari

**Upphafleg notkun** Íbúðar- og atvinnuhúsnæði



| Upphafleg gerð |                 | Útlit    | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|----------------|-----------------|----------|-------------------|--------------------|
| Tegund         | Steinsteyp      | Þrílyft  | 1972              | Endurbætur         |
| Klæðning       | sementsléttað   | Kjallari |                   |                    |
| Þakgerð        | Skáþak(skúrþak) |          |                   |                    |
| Þakklæðning    | Bárujárn        |          |                   |                    |
| Undirstöður    |                 |          |                   |                    |

Saga

Húsið var byggt árið 1927 sem verslunar- og íbúðarhúsnæði. Þá voru tvær sölubúðir á jarðhæð og íbúðir á efri hæðunum.

Varðveislumat:

- Listrænt gildi:** Nýklassík með fúnkísáhrifum.
- Menningarsögulegt gildi:** Húsið er gott dæmi fyrir steinsteypubyggingar rétt áður en Fúnkísstíllinn tekur völdin.
- Umhverfisgildi:** Gildi fyrir götumyndina
- Upprunaleg gerð:** Húsið er óbreytt frá byggingu þess.
- Varðveislugildi:** Gerð er tillaga um að húsið verði í dökkgulum flokki í Húsverndarskrá Reykjavíkur um verndun götumyndar Vesturgötu.

Fyrsti eigandiSigurður Jónsson  
járnsmiður

HönnunÓkunnur

Upphafleg notkunÍbúðarhús



| Upphafleg gerð | Útlit             | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga       |
|----------------|-------------------|-------------------|--------------------------|
| Tegund         | Timbur, bindingur | Einlyft           | 1918 Endurbætur          |
| Klæðning       | Timbur            | Tvílyft           | 1918 Viðbygging          |
| Þakgerð        | Mænisþak          |                   | 1918 járnkl. á eina hlið |
| Þakklæðning    | Bárujárn          |                   |                          |
| Undirstöður    |                   |                   |                          |

### Saga

Sigurður Jónsson járnsmiður eða "klénsmiður" reisti þetta sérkennilega hús árið 1882. Hann hafði þar smiðju sína og bjó þar jafnframt. Húsið gekk undir ýmsum nöfnum vegna hins sérkennilega byggingarlags, en það er tvílyft að framan, sunnan, og einlyft að aftan. Nöfn eins og Púltið, Skrínan eða Skattholið vildu loða við húsið. Það komst í eigu Benedikts Gröndals skálds árið 1888 og bjó hann síðan þar til dauðadags árið 1907. Síðan er það jafnan nefnt Gröndalshús. Í janúarmánuði 1900 fauk reykháfurinn af húsinu. Það varð Gröndal tilefni kvæðis er hann nefndi "Stormkvæði og strompkvæði". Reykháfurinn er sérstakur vegna þess að hann er tvískiptur og kemur saman í eitt rétt undir mæni hússins. Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð, klætt listasúð á þrjár hliðar en bárujárni á austurgafli. Inngönguskúr var byggður við norðurhlið hússins fyrir 1918. Trésúlur með grískum súlnahöfðum skreyta framhlið hússins. Húsið hefur verið á skrá yfir þau hús sem æskilegt væri að flytja á Árbæjarsafn allt frá árinu 1970, er Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson gerðu fyrstu húsakönnun í Reykjavík.

### Varðveislumat:

- Listrænt gildi:Timburhús. Mjög sérstakt hús af dansk-íslenskri gerð með klassísku ívafi.
- Menningarsögulegt gildi:Húsið hefur mikið gildi vegna sögu sinnar.
- Umhverfisgildi:Húsið er umkringt stórum og nýrri byggingum.
- Upprunaleg gerð:Húsið er lítið breytt frá upphafi.
- Varðveislugildi:**Lagt er til að húsið verði friðað, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur, sökum menningarsögulegs gildis annað hvort á sínum upprunalega stað eða í Árbæjarsafni. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun nr. 104/2001.**

|                |                                            |        |         |                  |           |
|----------------|--------------------------------------------|--------|---------|------------------|-----------|
| Fyrsti eigandi | Árni Eiríksson<br>verslunarmaður / leikari | Hönnun | Ókunnur | Upphafleg notkun | Íbúðarhús |
|----------------|--------------------------------------------|--------|---------|------------------|-----------|

| Upphafleg gerð | Útlit             | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|----------------|-------------------|-------------------|--------------------|
| Tegund         | Timbur, bindingur | Einlyft           | 1910 Inngönguskúr  |
| Klæðning       | Bárujárn          | Kjallari          | 1981 Flutningur    |
| Þakgerð        |                   | Inng.skúr         |                    |
| Þakklæðning    | Bárujárn          |                   |                    |
| Undirstöður    |                   |                   |                    |

Saga

Árni Eiríksson verslunarmaður og leikari byggði þetta hús árið 1901 og lét þá rífa eldra hús sem frá 1860 sem þar stóð. Þetta er á svæði sem nefnt var Svartiskóli. Árið 1910 var byggður við það inngönguskúr. Borgasjóður keypti húsið á eina krónu laust fyrir 1980 en þá var það komið í mikla niðurníðslu. Það var selt rúmu ári síðar og flutt á lóð nr. 10 við Bókhlöðustíg. Lóðin hefur verið óbyggð síðan.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Íslenskur bárujárnssveitser.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunaleg gerð:

Varðveislugildi:

Fyrsti eigandiGunnar Einarsson kaupmaður

HönnunÓkunnur

Upphafleg notkunSláturhús



| Upphafleg gerð |                  | Útlit   | Helstu breytingar  | Hönnuðir breytinga                          |
|----------------|------------------|---------|--------------------|---------------------------------------------|
| Tegund         | Hlaðið úr steini | Ris     | 1906Útihús         |                                             |
| Klæðning       |                  | Tvílyft | 1939Millibygging   | Sigurður Ólafsson                           |
| Þakgerð        |                  | Turn    | 1959Geymsluhús     | Þórir Baldvinsson arkitekt                  |
| Þakklæðning    | Bárujárn         | Svalir  |                    | Sigurður Geirsson                           |
| Undirstöður    |                  |         | 1960Þakbreyting    | Þórir Baldvinsson arkitekt                  |
|                |                  |         | 1973Útlitsbreyting | Sigurður Geirsson<br>Pálmar Ólason arkitekt |

**Saga**

Sigurður Sigurðsson reisti steinbæ á lóðinni árið 1886. Hugsanlega er það húsið sem stóð sunnan við viðbyggingu Tryggvagötu 10 fram undir 1959. (sjá teikn. 497/59)

Gunnar Einarsson kaupmaður fékk leyfi árið 1905 til að byggja sláturhús á lóðinni og var húsið fyrst virt árið 1906. Á húsinu var turn á norðvesturhorni og veggssvalir undir honum. Neðri hæð hússins er hlaðin úr grásteini, en sú efri úr sk. Steinars-steini. Húsið var að öllum líkindum múrsléttað frá upphafi.

Sama ár var byggt útihús úr steini með jarnþaki sunnan við aðalhúsið. Norðurgaflinn er úr bindingi og jarnklæddur. Port var haft á milli sláturhússins og útihússins Af virðingu árið 1921 er viðbyggingin stækkuð og er efri hæð aðalhússins þá tekin til íbúðar. Árið 1962 er virt ný viðbygging úr steypu og timbri sem byggð er sunnan við viðbygginguna frá 1921. Árið 1973 er svo leyfð útlitsbreyting og eru turn og svalir teknar af aðalhúsinu.

Árið 1935 er aðalhúsið talið íbúðar- og fiskgeymsluhús. Árið 1942 er komin fiskbúð á neðri hæðina, Fiskhöllin, og íbúð uppi. Árin 1956 og 1962 er aðstaða til fiskvinnslu endurbætt. Síðar voru þar til húsa ýmis fyrirtæki, svo sem Hlíðarhús sf, Sturlaugur Jónsson og co o.fl.

**Varðveislumat:**

**Listrænt gildi:** Nýklassíkt steinsteypuhús.

**Menningarsögulegt gildi:** Tengsl við verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur.

**Umhverfisgildi:** Húsið hefur töluvert umhverfisgildi fyrir byggðamynstrið á svæðinu.

**Upprunaleg gerð:** Húsinu hefur verið lítið breytt nema gluggum og turn og svalir fjarlægðar árið 1973.

**Varðveislugildi:** Hús af fyrstu kynslóð steinsteypuhúsa í Reykjavík og hefur einnig mikið gildi fyrir götumyndina. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun 104/2001. Æskilegt væri að húsið yrði endurgert í upprunalegu útliti, með réttum gluggum, turni og svölum. Ekki er gerð krafa um verndun bakhúsanna.

Fyrsti eigandi Júlíus Schau  
steinsmiður

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun  
Geymsla



Upphafleg gerð

|             |                   |
|-------------|-------------------|
| Tegund      | Timbur, bindingur |
| Klæðning    | Bárujárn          |
| Þakgerð     | Mænisþak          |
| Þakklæðning | Bárujárn          |
| Undirstöður |                   |

Útlit

|         |
|---------|
| Einlyft |
| Ris     |
| Kvistir |

Helstu breytingar

|      |                     |
|------|---------------------|
| 1909 | Að hluta br. í íbúð |
| 1913 | Geymsla á lóð       |
| 1920 | Breytt í íbúðarhús  |
| 1931 | Kvistur             |

Hönnuðir breytinga

|                               |
|-------------------------------|
| Einar Erlendsson húsameistari |
| Pjetur Ingimundarson          |

Saga

Júlíus Schau steinsmiður byggði húsið Tryggvagötu 12 eða Exeter sem geymsluhús árið 1904, en 5 árum seinna var farið að nota það sem íbúðarhús. Skrifstofur Fiskveiðihlutafélagsins Alliance eru skráðir í húsinu árið 1920, en jafnframt búa í því 10 manns. Árið 1922 kviknaði í risi aðalhússins og skemmdist það nokkuð, þó mest við austurgaflinn. Árið 1931 er byggður kvistur á bakhlið hússins teiknaður af Pétri Ingimundarsyni og hafði þá mest allt húsið verið tekið undir skrifstofur Alliance. Húsið stóð að mestu óbreytt allt til ársins 1978, er það var allt endurnýjað að utan sem innan. Voru gluggar flestir augnstungnir og húsið klætt með köntuðu stáli. Árið 2000 voru gluggar endurnýjaðir og upphafleg gluggagerð sett í það. Reykjavíkurborg keypti húsið árið 1983 og var útideildin í því til skamms tíma.. Nú er leikskóli starfræktur í húsinu. Steinsteypta geymsluhúsið á lóðinni var teiknað árið 1913 en fyrst virt til brunabóta árið 1920, og þá ásamt litlum timburskúr sem byggður var til tengingar við aðalhúsið. Geymsluhúsið er einlyft með járnþaki.

Varðveislumat:

|                          |                                                                                                                                |
|--------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Listrænt gildi:          | Timburhús af dansk-íslenskri gerð yngri.                                                                                       |
| Menningarsögulegt gildi: | Tengsl við atvinnusögu Reykjavíkur.                                                                                            |
| Umhverfisgildi:          | Húsið hefur mikið gildi sem fulltrúi þessarar húsagerðar.                                                                      |
| Upprunaleg gerð:         | Óbreytt fyrir utan klæðningu.                                                                                                  |
| Varðveislugildi:         | Töluvert menningarsögulegt og umhverfislegt gildi. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun 104/2001. |

**Fyrsti eigandi** Júlíus Schau steinsmiður      **Hönnun** Ókunnur      **Upphafleg notkun** Íbúðar- og atvinnuhúsnæði



| Upphafleg gerð     |                   | Útlit    | Helstu breytingar |            | Hönnuðir breytinga |
|--------------------|-------------------|----------|-------------------|------------|--------------------|
| <b>Tegund</b>      | Timbur, bindingur | Tvílyft  | 1908              | Hækkun     |                    |
| <b>Klæðning</b>    | Bárujárn 2hl,     | Ris      | 1913              | Kvistur    |                    |
| <b>Þakgerð</b>     | Mænisþak          | Kjallari | 1914              | Viðbygging |                    |
| <b>Þakklæðning</b> | Bárujárn          | Útskot   | 1920              | Viðbygging |                    |
| <b>Undirstöður</b> |                   |          |                   |            |                    |

Saga

Julius Schau byggði húsið árið 1899, en þá var það tvílyft með risi, kjallara og einlyftri útbyggingu við suðurgafl. Árið 1908 fékk Schau leyfi til að setja hæð ofan á útbygginguna við suðurgaflinn og breyta henni til íbúðar. Þá var settur turn í kastalastíl ofan á útbygginguna. Árið 1914 er byggt steinsteypt geymsluhús við vesturhlið hússins. Árið 1920 var síðan byggð steinsteypt viðbygging á einni hæð Tryggvagötumegin. Um tíma var í kjallaranum sjómannastofa og seinna (1937 - 1947) veitingastofa Kristínar Dalstedt. Húsið hefur lengst af verið nýtt til íbúðar, að undanskildum kjallaranum. Þar hefur á síðari árum verið ýmis konar verslunar- eða veitingarekstur.

Varðveislumat:

- Listrænt gildi:** Einfalt bárujárnshús.
- Menningarsögulegt gildi:** Húsið hefur ekkert sérstakt gildi.
- Umhverfisgildi:** Húsið hefur helst umhverfisgildi til styrktar byggðamynstri á svæðinu.
- Upprunaleg gerð:** Gluggum og klæðningu hefur verið breytt.
- Varðveislugildi:** Ekki er gerð tillaga að varðveislú hússins. Vegna aldurs eru allar breytingar á því háðar lögum um húsafriðun 104/2001.

Fyrsti eigandiH. Benidiktsson og Co.

HönnunValgeir Björnsson  
verkfræðingur

Upphafleg notkunVörugeymsluhús



Upphafleg gerð

|             |                   |
|-------------|-------------------|
| Tegund      | Steinsteypt       |
| Klæðning    | múrhúðað;norðurh. |
| Þakgerð     |                   |
| Þakklæðning | Bárujárn          |
| Undirstöður |                   |

Útlit

Þrílyft  
Ris  
Kjallari  
Port  
Anddyri

Helstu breytingar

? Kvistir

Hönnuðir breytinga

Saga

Þessi lóð var áður alveg í fjöruborðinu og hluti af henni var á hafnaruppfyllingunni. Húsið var byggt árið 1937og er steinsteypt vörugeymsluhús. Það er óbreytt að utan frá byggingu þess að undanskildum kvistum sem setti voru síðar. Það er byggt sem vörugeymsla fyrir H. Benediktsson og co og var enn notað sem slíkt á 5. áratugnum. Á síðari árum hefur það verið notað sem skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fram til 1985 gekk húsið undir nafninu Tryggvagata 8.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísbygging.

Menningarsögulegt gildi: Tengist verslunar- og atvinnusögu Reykjavíkur.

Umhverfisgildi: Skagar upp úr og fellur illa að annars lágreistri götumynd.

Upprunaleg gerð: Húsinu hefur lítið verið breytt.

Varðveislugildi: Hefur ekkert sérstakt gildi.

Fyrsti eigandi Jón Björnsson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun  
Geymsla



**Upphafleg gerð**

|                    |              |
|--------------------|--------------|
| <b>Tegund</b>      | úr grásteini |
| <b>Klæðning</b>    | Múrsléttað   |
| <b>Þakgerð</b>     | Mænisþak     |
| <b>Þakklæðning</b> | Bárujárn     |
| <b>Undirstöður</b> | Hlaðið       |

**Útlit**

|         |
|---------|
| Einlyft |
| Ris     |
| Port    |

**Helstu breytingar**

|      |                |
|------|----------------|
| ?    | Viðbygging     |
| 1937 | Gluggabreyting |
| 1953 | Endurbætur     |

**Hönnuðir breytinga**

**Saga**

Brunavirðing er til frá 1919, svo ljóst er að húsið er byggt það ár. Eigandi er þá Jón Björnsson & co í Borgarnesi. Snemma árs fékk Geir Zoéga hins vegar leyfi til að byggja hús á þessum stað, af þessari stærð og úr þessu byggingarefni. Að öllum líkindum er því um sama hús að ræða. Árið 1937 er verið að gera breytingar á gluggum og hurðum á viðbyggingu sem þá greinilega er komin við austurendann. Í byrjun er húsið notað sem geymsluhús. Árið 1942 er aðalbyggingin notuð sem smiðja og geymsluhús og viðbyggingin sem bílskúr með viðgerðaraðstöðu fyrir 4 bíla. Árið 1953 þegar húsið er allt endurbætt, var veitingahús innréttað í aðalhúsinu, en hitt skráð sem skúr fram til ársins 1958. Nú er húsið notað til verslunarhúsnæði.

**Varðveislumat:**

**Listrænt gildi:** Skúrbygging.

**Menningarsögulegt gildi:** Húsið er hlaðið úr grásteini.

**Umhverfisgildi:** Ekki mikið.

**Upprunaleg gerð:** Húsinu hefur verið breytt.

**Varðveislugildi:** **Húsið hefur ekkert sérstakt gildi.**

# Heimildaskrá

## Óprentaðar heimildir:

Árbæjarsafn (Ábs):

Byggðar lóðir í Reykjavík.  
Húsaskrá Reykjavíkur.  
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.  
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.  
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.  
Aðf. 3374. Götunöfn og húsánúmer 1914-1960.  
Skjöl byggingarfulltrúa. (B) fyrir Vesturgötu, Norðurstíg, Tryggvagötu og Grófina.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf.í Rvk.):

Innlagðar teikningar.

Hrefna Róbertsdóttir: *Húsakönnun á reit 1.132.1. Unnin haustið 1986 fyrir Ábs.*  
Óprentuð í skjalasafni Ábs.).

## Prentaðar heimildir:

Andrés Erlingsson: *Í steinsins form er sagan greypt*. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1997.

*Aðalskipulag Reykjavíkur* 1962-83. Reykjavík 1966.

*Aðalskipulag Reykjavíkur* 1984-2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur. Reykjavík 1988.

*Byggingareglugerðir og lög* 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Freyja Jónsdóttir: *Húsin í bænum*. Greinar í dagblaðinu Degi.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur 1870 - 1940 Bærin vaknar* Fyrri og síðara bindi. Reykjavík 1991 og 1994.

Jón Helgason: *Reykjavík. Ættir og myndir úr sögu bæjarins 1786-1936*. Reykjavík 1937.

Jón Helgason: *Þeir, sem settu svip á bæinn. Endurminningar frá Reykjavík uppvaxtarára minna*. Reykjavík 1954.

Klemens Jónsson: *Saga Reykjavíkur I og II*. Reykjavík 1929.

Knud Zimsen: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsen fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson. Reykjavík 1952.

Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum, 1.-3. bindi*. Reykjavík 1988.

Trausti Valsson: *Reykjavík Vaxtarbroddur, Þróun höfuðborgar*. Reykjavík 1986.